

## Efnisnámur virkjana í Blönduveitu

### Húnavatnshreppur

#### Ákvörðun um mats skyldu

## 1 INNGANGUR

Þann 23. mars 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um ofangreinda framkvæmd samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna og sbr. lið 13.02 í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Húnavatnshrepps, forsætisráðuneytisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar.

## 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnisnámur virkjana í Blönduveitu - greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um mats skyldu. Landsvirkjun og Verkís, 23. mars 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Húnavatnshreppi með bréfi dags. 5. maí 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvupósti dags. 19. maí 2020.
- Forsætisráðuneytinu með bréfi dags. 2. júní 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. maí 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 4. júní 2020.

## 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

### Forsaga

Sú framkvæmd sem hér er fjallað um er breyting á framkvæmd sem áður hefur verið fjallað um í mati á umhverfisáhrifum. Breytingin felst í efnistöku á tveimur nýjum efnistökusvæðum: Kolkuurð (E58) og Kolkukvíslarhól (E59). Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna virkjana í Blönduveitu og í upphaflegri verkhönnun var gert ráð fyrir að sækja jarðefni í opnar námur við Ytri-Löngumýri (E15), Eldjárnsstaðanámu (E20), tvær námur í Blöndugili (E21, E22) og Eiðstaðabungunámu (E23). Við endurskoðun verkhönnunar leiddu niðurstöður rannsókna í ljós skort á síuefni til stíflugerðar. Stefnt er að því að afla annars vegar síuefnis til stíflugerðar og hins vegar efnis til vegagerðar. Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi Húnavatnshrepps er leyfilegt efnisnám úr hvorri námu fyrir sig 70.000 m<sup>3</sup>. Námurnar eru staðsettar vestan við lokuvirki Kolkustíflu og við veituskurð úr Blöndulóni. Þá kemur fram í gögnum framkvæmdaraðila að báðum svæðum hafi verið raskað við framkvæmdir við Blönduvirkjun í kringum 1990.

### Kolkuurð (E58)

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ráðgert er að nýta allt að 70.000 m<sup>3</sup> efnis á allt að 23.000 m<sup>2</sup> svæði. Aðkomuvegur liggur að svæðinu frá vegi meðfram núverandi veituskurði.



Efnislosunarsvæði er við norðurjaðar Kolkurðar þar sem efni var losað úr veituskurði vegna Blönduvirkjunar á um 20.000 m<sup>2</sup> svæði.

### Kolkukvíslarhóll (E59)

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ráðgert er að nýta allt að 70.000 m<sup>3</sup> efnis úr námunni á allt að 22.000 m<sup>2</sup> svæði. Aðkomuvegur liggur að efnistökusvæðinu frá vegi vestan Kolkustíflu sem tengist Kjalvegi sem liggur eftir stíflunni.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu efnistökusvæða við Kolkurð (E58) og Kolkukvíslarhól (E59).



## Framkvæmd efnistöku, framkvæmdatími og frágangur

Efnistaka mun fara fram samhliða byggingu virkjana í Blönduveitu og mun nýting efnistökusvæða taka mið af framgangi þeirra framkvæmda. Markmið breytingar á framkvæmd er að uppfylla efnisþörf vegna framkvæmda við virkjanir í Blönduveitu, með tilliti til efniseiginleika sem ekki fást á öðrum fyrirhuguðum efnistörustöðum. Þá kemur fram að almennum verklýsingum við efnistöku verði fylgt í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og að reynt verði að lágmarka áhrif af efnistöku og efnislosunar og vanda frágang. Þá verði gengið frá efnistökusvæði innan þriggja ára eftir að efnistöku líkur og innan fimm ára frá því að efnistaka hefst. Gerð hefur verið áætlun um frágang vegna efnislosunar og frágangs á röskuðu yfirborði vegna virkjana í Blönduveitu og í henni felst að jafna röskuð svæði út og móta þau að aðliggjandi landi eins og kostur er. Þá verða kantar og fláar jafnaðir svo þeir falli sem best að landslagi og uppgræddir með grenndargróðri.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila eru þeir þættir framkvæmdarinnar sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið mokstur, mölun og flokkun á steinefnum út malarnámum og akstur á þeim innan efnistökusvæðis. Rjúfa þarf gróður- og jarðvegþekju á yfirborði og munu framkvæmdir hafa í för með sér mögulega truflun vegna umferðar, hljóðs og ásýndar sem að bundið verði að mestu leyti við framkvæmdartíma. Ætla má að frágangur haldi áhrifum til lengri tíma í lágmarki. Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á jarðminjar, lífríki, ásýnd, landnotkun og menningarminjar ásamt framkvæmd efnistöku, framkvæmdartíma og frágang efnistökusvæða.

### Jarðminjar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að samkvæmt jarðfræðikorti séu efnistökusvæði mynduð úr jökulruðningi frá kvartertímabilinu, þá hafi seinni tíma rannsóknir bent til þess að svæðin séu annaðhvort leysingarúðningur eða jökulgarður. Þá kemur fram að svæðin hafi verið notuð sem efnistökusvæði í framkvæmdum við Blönduvirkjun um 1990 þar sem efni úr Kolkuurð var notað sem síefni en efni út Kolkukvíslarhól var notað sem stoðfylling í Kolkustíflu. Þá mun efnistaka úr námum við Kolkuurð og Kolkukvíslarhól ekki hafa áhrif á jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61 gr. laga um náttúruvernd. Framkvæmdaraðili metur áhrif á jarðminjar óveruleg.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að athuga ætti hvort ástæða sé til að bæta eldri frágang á námum.

Í svari Landsvirkjunar er tekið undir tilmæli Umhverfisstofnunar og mun Landsvirkjun hafa þau í huga við frágang efnisnáma að framkvæmdum loknum.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi gert nægjanlega grein fyrir áhrifum framkvæmdar á jarðminjar og að áhrif á jarðminjar séu óveruleg.

### Lífríki

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að gróðurfar á svæðinu einkennist af mosagróðri og fjalldrapa og að í lægðum milli ása sé víða að finna votlendisgróður með fifu- og staragróðri. Í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir í Blönduveitu og mat á umhverfiáhrifum framkvæmdanna vann Náttúrufræðistofnun Íslands gróðurkort af fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Samkvæmt því eru fyrirhuguð efnistökusvæði við Kolkukvíslarhól og Kolkuurð lítt gróin en þar hefur verið ráðist í uppgræðslu með grösum á undanförunum árum. Sunnan við Kolkukvíslarhól er votlendi og verður þess gætt sérstaklega að raska því ekki. Votlendi sem eru 20.000 m<sup>2</sup> eða stærri nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Þess er þó getið að votlendi við Kolkukvísl kemur



ekki fram á korti um vernd lítt raskaðra votlenda þar sem hún sé líklega undir stærðarviðmiði. Áhrif framkvæmda á gróður eru metin óveruleg.

Engar umsagnir bárust varðandi umhverfisáhrif á gróður eða vistgerðir. Efnisnám mun raska gróðri á efnistökusvæðum en svæðið er að mestu uppgrætt land og er frágangi ætlað að tryggja að gróður nái sér hratt aftur. Engar friðlýstar plöntur eða vistgerðir eru á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Það er mat Skipulagsstofnunar að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar séu óveruleg.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ref er víða að finna á svæðinu, auk hagamúsa og minks. Könnun á fuglalífi var gerð á framkvæmdarsvæði Blönduveitu árið 2012 af Verkís fyrir hönd Landsvirkjunar. Þar sást 14 tegundir við athugun á varpbéttleika en 6 tegundir voru taldir líklegir varpfuglar. Auk þeirra sást himbrimi, lómur, heiðagæs, grágæs og kjói annarra tegunda sem ekki þykir ólíklegt að verpi á svæðinu. Ellefu tegundir fugla sást á þeim 7 vötnum sem voru talin. Allar 6 staðfestar varptegundir eru algengar á landsvísu og á nærsvæði og er engin af þeim á valista Náttúrufræðistofnunar. Talið er að framkvæmdir geti haft truflandi áhrif á fugla en það sé að mestu bundið við framkvæmdartíma og séu ekki varanleg. Áhrif framkvæmdar á fuglalíf eru talin óveruleg.

Engar athugasemdir bárust varðandi umhverfisáhrif á lífríki. Það er mat Skipulagsstofnunar að hægt sé að draga úr áhrifum á fuglalíf með því að lágmarka rask á varptíma eins og kostur er. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fuglalíf séu óveruleg og að mestu bundin við framkvæmdartíma.

### **Ásýnd og landslag**

Fram kemur að yfirbragð lands á þessu svæði er fremur flatlent og þýft heiðalandslag, með einstaka hæðum inn á milli. Jarðgrunnurinn er að mestu mótaður af jökli. Landform eru ávöl og mjúk og víða sýna lágur jökulöldur skriðstefnu jökulsins sem hefur verið frá suðaustri til norðvesturs. Lægðir og vötn eru á milli aldanna. Heiðavötn og lón setja svip sinn á landslagið.

Skipulagsstofnun telur áhrif framkvæmdanna óveruleg og hafi ekki veruleg áhrif umfram fyrirhugaðar framkvæmdir við Blönduveitu.

### **Landnotkun**

Fram kemur í greinargerð Landsvirkjunar að fyrirhuguð efnistökusvæði eru staðsett á afréttarlandi á Auðkúluheiði, í næsta nágrenni Kolkustíflu við Blöndulón og veituskurð á milli Blöndulóns og Þrístiklu. Kjalvegur liggur eftir Kolkustíflu. Þá munu framkvæmdir ekki hafa áhrif á beit og bæti litlu við áhrif á ferðamenn sem fari um Kjalveg eða leið vestan við veituskurð. Í mati á umhverfisáhrifum virkjana í Blönduveitu voru áhrif á ferðamenn metin óveruleg til nokkuð neikvæð og er tilkoma nýrra efnistökusvæða ekki talin breyta því mati.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi ekki veruleg áhrif umfram áhrif virkjana í Blönduveitu á landnotkun.

### **Menningarminjar**

Engar friðlýstar fornleifar er að finna á efnistökusvæðunum við Kolkuurð (E58) og Kolkukvíslarhól (E59). Efnistökusvæðin eru skilgreind á aðalskipulagi Húnavatnshrepps og ekki stendur til að stækka þessi svæði umfram það sem þau eru í dag. Áhrif framkvæmdar á menningarminjar eru metin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að nægjanlega hafi verið gerð grein fyrir áhrifum á menningarminjar af hálfu framkvæmdaraðila og áhrif hennar eru metin óveruleg.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Breyting var gerð á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 sem fólst meðal annars í fjölgun efnistökusvæða vegna virkjana í Blönduveitu það er námurnar við Kolkuurð (E58) og Kolkukvíslarhól (E59) og er framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Húnavatnshrepps samkvæmt og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra vegna efnistöku samkvæmt reglugerð 550/2018 og leyfi forsætisráðuneytisins skv. lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem áður hefur verið fjallað um í mati á umhverfisáhrifum vegna virkjana í Blönduveitu. Breytingin felst í efnistöku á tveimur nýjum efnistökusvæðum við Kolkuurð (E58) og Kolkukvíslarhól (E59). Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna og sbr. lið 13.02 í 2. viðauka laganna.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdinni er ætlunin að afla síuefnis til stíflugerðar og veglagningar sem ekki fæst af öðrum efnistökusvæðum. Fyrirhugað er að afla allt að 140.000 m<sup>3</sup> af síuefni á um 45.000 m<sup>2</sup> svæði sem þegar hefur verið raskað. Með hliðsjón af því að fyrirhuguðum efnistökusvæðum hefur áður verið raskað eru umhverfisáhrif efnistökkunnar eru ekki líkleg til að vera veruleg á lífríki, jarðminjar, landslag og ásýnd umfram fyrirhugaðar framkvæmdir við Blönduveitu. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er nokkuð umfangsmikið en á móti kemur að fyrirhuguðum efnistökusvæðum hefur áður verið raskað vegna mannvirkjagerðar við Blönduveitu. Þá eru til staðar aðkomuvegir á efnistökusvæðunum. Framkvæmdirnar eru utan verndarsvæða og samkvæmt náttúruminjaskrá eru þar engin svæði sem njóta sérstakrar friðunar eða verndar. Í um 1,5 -2 km fjarlægð vestan við fyrirhuguð efnistökusvæði er 342 km<sup>2</sup> svæði sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði fyrir álft og himbrima. Tillaga að afmörkun vegna verndar á B-hluta náttúruminjaskrá svæðisins nær yfir stærra svæði eða um 370 km<sup>2</sup> og nær jaðar þess svæðis inn á fyrirhugaðan efnistökusvæði við Kolkuurð. Tvö hverfisverndarsvæði eru vestan og austanmegin við efnistökusvæðin. Á þeim svæðum eru leitarmannaskálar sem hafa í vaxandi mæli verðið nýttir til gistingar fyrir ferðamenn. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna gæti ekki á þessum svæðum.

### Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni



áhrifa, samlegðaráhrifa með með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistökkunnar á ásýnd og landslag, jarðmyndanir og lífríki séu óveruleg. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af því að áhrif á fuglalíf séu staðbundin og að mestu bundin við framkvæmdartíma en hægt sé að draga úr áhrifum á fuglalíf með því að gæta sérstaklega að raski og hávaða á varptíma. Áhrif eru staðbundin og bundin við afmarkað svæði sem þegar hefur verið raskað. Þá eru umhverfisáhrif framkvæmdarinnar óveruleg umfram þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu. Jafnframt eru áætlanir um frágang sem Landsvirkjun hefur boðað til þess fallnar að draga að einhverju leyti úr þeim áhrifum sem verða af framkvæmdinni.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13.júlí 2020.

Reykjavík, 10. júní 2020

Egill Þórarinnsson

Tinna Jónsdóttir